

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri BÓK 203 Kennsluáætlun vor 2013	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3		

Kennari	Leifur Brynjólfsson	Sk.st.	LEB
----------------	---------------------	---------------	-----

Afangalýsing:

Gert er ráð fyrir að nemendur, sem hefja nám í þessum áfanga, hafi fullt vald á bókhaldshringrásinni, geti hafið bókhald og lokað því samkvæmt reglum tvíhliða bókhalds. Þessi kunnátta er dýpkuð verulega meðal annars með erfiðari færslum. Farið er yfir bókun á helstu reikningum fyrirtækja, notkun fyrningareikninga við afskriftir eigna, bókun verðbréfa, hlutabréfa, skuldabréfa og annarra skuldaviðurkenninga og notkun affallareiknings. Einnig er farið yfir bókanir sem varða innflutning, tollafgreiðslu, greiðslu virðisaukaskatts í tolli, kostnað og fyrirkomulag við geymslu á vörum í tollvörugeymslu. Uppgjörsfærslum er haldið áfram, bæði í gegnum aðalbók og reikningsjöfnuð. Farið er yfir bókanir í sambandi við stofnun og slit fyrirtækja, breytingar á réttarformi, samruna og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja.

Markmið: Að nemandi:

- Kunni skil á færslum vegna innflutnings á vörum, helstu innflutningsskjölum tollafgreiðslu, greiðslu virðisaukaskatts í tolli, gengisbreytingum og kostnaði og fyrirkomulagi við geymslu á vörum í tollvörugeymslu.
- Geti reiknað og bókað verðbætur, vexti og afborganir af verðtryggðum skuldabréfum.
- Geti bókað færslur sem tengdar eru hlutabréfaeign; arður, gengisbreytingar, jöfnunarhlutabréf og svo framvegis.
- Kunni að meðhöndla mismunandi virðisaukaskatt í bókhaldi.
- Dýpki skilning sinn á færslum í launabókhaldi varðandi skil á; staðgreiðsluskatti, framlagi í llfeyrissjóð og tryggingagjaldi.
- Geti unnið með viðskiptamannabókhald, sérstaklega með tilliti til innheimtu og afskrifta á viðskiptakröfum.
- Geti bókað færslur sem varða stofnun og slit fyrirtækja.
- Geti bókað færslur sem varða breytingu á réttarformi fyrirtækja, samruna og fjárhagslega endurskipulagningu þeirra.

Námsgögn:

Bókfærsla I eftir Tómas Bergsson (ný útgáfa 2009). (Sama bók og í BÓK 103).

Bókfærsla II eftir Tómas Bergsson (ný útgáfa 2008).

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni
2	Kynning á áfanganum. Tapaðar kröfur.	22, 23 og 24.
3	Að selja vinnu.	25, 26 og 27.
4	Birgðir, fasteignareikningur, bifreiðareikningur, fastafjármunir, veltufjármunir, veðskuldir, áhvílandi skuldir. Stöðupróf 1.	28, 29 og 30.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri BÓK 203 Kennsluáætlun vor 2013	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		

5	Gjöld vegna fasteigna og bifreiða. Leigutekjur, viðskipti við útlönd, tollur og virðisaukaskattur í tolli.	31, 32 og 33.
6	Gengismunur, erlendar skuldir við reikningslokun. Fyrirfram innheimtar og óinnheimtar tekjur við reikningslokun.	34, 35 og 36.
7	Aðrar tekjur. Launabókhald og launatengd gjöld. Launaseðill.	37, 38 og 39.
8		40, 41, og 42.
9	Stöðupróf 2.	43, 44 og 45.
10	Ný bók: Bókfærsla II Tapaðar kröfur og virðisaukaskatturinn.	1, 2 og 3.
11	Meðalálagnir og mat vörubirgða. Skuldabréf. Opnir dagar	4, 5 og 6.
12	Afföll skuldabréfa. Stöðupróf 3.	7, 8 og 9
13	Páskafrí	
14	Sameignarfélög, hlutafélög.	10 og 11.
15		12, 13 og 14
16	Um verðmæti eigna.	15, 16 og 17
17	Verðtrygging skuldabréfa Stöðupróf 4.	18, 19 og 20.
18-19-20	Lokapróf.	

Verkefni: Nemendur vinna verkefnin í kennslubækurnar eða í töflureikni.


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri BÓK 203 Kennsluáætlun vor 2013	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		

Námsmat og vægi námsþátta:

	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Próf í lok annar. Prófið samanstendur af dagbókarverkefni sem gildir 50% og reikningsjöfnuði og höfuðbók sem gildir 50%. Nemandi verður að ná a.m.k. 5,0 á lokaprófi til þess að vetrarvinna komi til einkunnar.	60%
Skyndipróf	4 stöðupróf verða á önninni og gilda þrjú þau bestu samtals 30%	30%
Frammistaða á önn	Ástundun, vinnusemi og mæting. Í þessum matshluta gildir mæting í kennslustundir mest. 98-100% = 10, 95-97,9% = 9, 92-94,9% = 8, 89-91,9% = 7, 85-88,9% = 6, 80-84,9% = 5, 75-79,9% = 4, <75% = 0	10%
Annað	Nemandi getur valið að sleppa lokaprófi uppfylli hann eftirfarandi skilyrði: - Hann taki öll stöðuprófin (4) og fái 8,0 eða hærra í meðaleinkunn á þeim. Engin stök einkunn má þó vera lægri en 7,0. - Mæting hans sé á bilinu 90% til 100% í lok annar. Gildir þá vetrareinkunn sem lokaeinkunn sem hér segir: - Kaflapróf (öll fjögur): 90% - Ástundun og mæting: 10%	100%
Útreikningur einkunna á prófum.	Villulaust próf gefur einkunnina 10. 1,0 er dreginn frá fyrir hverja villu. Á lokaprófi er litið á hvorn hluta sem sérstakt próf þannig að í raun er dreginn ½ frá fyrir hverja villu.	

Kennsluáætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 8. janúar 2013


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils